



Fjarðabyggð

Deiliskipulag Urðarbotna og varnarmannvirkja ofan byggðar í Neskaupstað



Matslýsing

dags. 6. september 2018



LANDMÓTUN.

Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is

sími 575 5300 - fax 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Efni og umfang deiliskipulags.....	3
3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir.....	5
3.1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027.....	5
3.2. Minjar.....	7
4. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	7
5. Umfjöllun um kosti.....	7
6. Áhrifa- og umhverfisþættir og viðmið.....	8
7. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði.....	9
8. Kynning og samráð.....	9
9. Ferlið.....	10
10. Heimildarskrá.....	11

Myndaskrá

Forsíðumynd: Landmótun, Fýkur yfir hæðir eftir Ásmund Sveinsson í Lystigarðinum í Neskaupstað.

Mynd 2-1. Afmörkun skipulagssvæðis.....	4
Mynd 2-2. Hluti úr staðfestu Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.....	5
Mynd 3-1. Hættumatskort af Norðfirði (Heimild Veðurstofa Íslands, 2002).....	6

Töfluskrá

Tafla 6-1. Umhverfisviðmið og umhverfisþættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.....	9
Tafla 6-2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.....	9

1. Inngangur

Sveitarfélagið Fjarðabyggð vinnur að gerð deiliskipulags Urðarbotna og ofanflóðavarna ofan byggðar í Neskaupstað. Enginn mannvirki eru á svæðinu en það hefur verið nýtt undir skógrækt og almenna útivist.

Samkvæmt viðauka 1. í grein 11.16 í breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 falla varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli undir flokk B. Undir þennan flokk eru skilgreindar framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Helstu markmið deiliskipulagsins er:

- Að svæðið bjóði upp á sveigjanleika í notkun fyrir þá sem búa þar og starfa
- Að auka öryggi gagnvart þeirri náttúruvá sem ofanflóð hafa í för með sér.
- Fella mannvirkin að umhverfinu með landslagshönnun.

2. Efni og umfang deiliskipulags.

Deiliskipulagssvæðið er um 14.2 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnarsvæði neðan Urðarbotna í Neskaupstað. Svæðið afmarkast til vesturs af deiliskipulagsmörkum Tröllagils, skipulag nr.10037, samþykkt 08.10.2009 og til austurs við mörk deiliskipulags Drangagilssvæðis nr.3613 samþykkt 12.07.1999. Svæðið afmarkast til suðurs af íbúðarbyggð við Blómstursvelli og frá þeim mörkum til norðurs um 315 m upp hlíðar Innra-Tvífjalls.

Fyrir ofan byggðina í Neskaupstað er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á varnargörðum til varnar ofanflóðum, snjóflóðum, aurflóðum og hugsanlegu berghlaupi úr Urðarbotnum. Norðan við Blómsturvelli, um 35 m frá næstu húsum, verði gerður þvergarður 375 m langur og 12-17 m hár. Þvergarðurinn verður grafinn niður til þess að lágmarka umfang hans og mun hann því rísa um 10-14 m yfir óhreift land. Ofan þvergarðs verða byggðar 15 keilur í tveimur röðum, 8 m háar.

Hönnunin gerir ráð fyrir að milli þvergarðsins og keiluraðanna verði land að mestu óhreift. Áhersla verður lögð á að fella varnavirkin inn í umhverfi sitt eins og hægt er með landmótun og gróðursetningum og tengja við núverandi útivistarsvæði.


Endanleg hönnun liggur ekki fyrir og ekki heldur efnispörf en gert er ráð fyrir að efni fáiist við uppgröft og skeringar á staðnum og ekki er óhugsandi að sækja þurfi efni út fyrir

vinnusvæðið, t.d. laus fyllingarefni, sprengt grjót og gróðurmold og verður það fengið úr viðurkenndum námum á svæðinu.

Markmiðið með þessum aðgerðum er að minnka hættusvæði C þannig að eftir að varnarvirkin hafa verið reist verði fá hús eftir á hættusvæði C í kaптúninu. Eftir að áætlaðar aðgerðir við Nes- og Bakkagil verða einnig komnar til framkvæmda verður öryggisviðmiðunum fullnægt hvað varðar ofanflóð í Neskaupstað.



Mynd 2-1. Afmörkun skipulagssvæðis.



Mynd 2-2. Hluti úr staðfestu Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir

3.1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027

Í samþykktu aðalskipulag Fjarðabyggðar er staðfest var þann 24.8.2009 eru Urðabotnar skilgreindir sem svæði undir náttúruvá – snjóflóðavarnir. Einnig kemur fram að gert sé ráð fyrir byggingu snjóflóðavarna við Urðabotna/Sniðgil og við hönnun, framkvæmdir og frágang snjóflóðavarna skal þess gætt að halda raski á náttúru og landslagi í lágmarki og ganga þannig frá svæðum að af þeim verði prýði og að þau nýtist eins og við getur átt til útiveru og trjáræktar. Þegar varnir hafa verið reistar, þarf að endurskoða mörk hættusvæða.


Opin svæði án auðkennis. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, árbakki, fjara og strandsvæði. Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða sbr. kafla 9.3.14 í aðalskipulagi. Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið í hlíðum ofan bæjarins. Hugað verði að útsýni til sjávar og fjalla við gróðursetningu og grisjun. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á mismunandi upplifanir. Aðgengi að nærleiksvæðum verði bætt og lækjargil vernduð og gerð aðgengileg til útivistar. Gott aðgengi að strönd verði sem víðast.

Svæði undir náttúruvá. Stór hluti deiliskipulagssvæðisins er innan hættusvæðis A, B eða C.

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisprýsting, sbr. töflu II í reglugerð nr. 505/2000.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisprýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.

Á hættusvæðum C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.



Mynd 3-1. Hættumatskort af Norðfirði (Heimild Veðurstofa Íslands, 2002)

3.2. Minjar

Engar friðlýstar fornleifar eru innan framkvæmdasvæðis mannvirkja á deiliskipulagssvæðinu samkvæmt fornleifaskráningu í Norðfirði sem unnin var á vegum Safnastofnunar Austurlands á tímabilinu 1993-1995. Farið verður yfir skráningu fornminja á svæðinu í tengslum við deiliskipulagsvinnu í samvinnu við Minjastofnun Íslands.

Í aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007-2027 er reitur einkenndur N33 – SM85c – 013 sem þjóðminjaverndarsvæði, Stekkanes, Stekkur innan deiliskipulagssvæðisins.

Á vefsíðu Minjastofnunar Íslands kemur þessi reitur ekki fram.

4. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Norðfjörður er nyrstur þriggja fjarða sem ganga inn úr Norðfjarðaflóa. Neskaupstaður liggur meðfram ströndinni á um 6 km kafla, undir bröttum hlíðum sem gnæfa yfir byggðinni.

Neskaupstaður byggðist upp í kringum sjósókn og öðlaðist kaupstaðarréttindi 1929 en þá bjuggu þar rúmlega 1.100 manns. Norðfjörður er umlukinn háum og torfærum fjöllum og ekki var lagður vegur að kaupsýninu fyrr en um miðja síðustu öld. Snjóflóð hafa verið mikil ógn við byggðina í Norðfirði og oft valdið miklum skaða. Veðurstofu Íslands tók saman snjóflóðasögu Norðfjarðar 1997 og gefur sú samantekt miklar upplýsingar um snjóflóð sem fallið hafa á svæðinu þó sérstaklega stærri flóð.

Innan deiliskipulagssvæðisins er landið vel gróið en halli töluverður og fjölmargir smálækir einkenna svæðið. Landið verður brattara og grýttara eftir því sem ofar dregur. Á svæðinu er þó nokkuð um skógrækt bæði gamall skógræktarreitur og nýrri gróðursetningar. Fyrir utan skógrækt er svæðið gróið lúpínu, grasi og lynggróðri.

Niðurgrafinn vatnsgeymir er fyrir miðju deiliskipulagssvæðisins og að honum liggja lagnir og vegslóði. Ekki er um að ræða vatnsból eða vatnsverndarsvæði.

5. Umfjöllun um kosti

Í umhverfisskýrslu mun umfjöllun um valkosti beinast að tveimur mismunandi leiðum. Annars vegar að byggja varnarvirki og hins vegar núllkostur sem er að hafast ekkert að.

6. Áhrifa- og umhverfispættir og viðmið

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru efnisnám og mannvirkjagerð. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfispætti. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfispætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1. eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér.

Umhverfispáttur	Þörf á að meta	Ekki þörf á að meta	Skýring	Viðmið
Gróður og dýralíf	X			Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi yfir friðlýstar plöntur 61. gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Stefnumörkun til 2020, sjá kafla 11 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Landslag og sjónræn áhrif	X			Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 61. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, fóm, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Heilsa og öryggi	X			Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – Stefnumörkun til 2020, markmiðskafla Heilnæmt og öruggt umhverfi.

Útivist	X			Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Stefnumörkun til 2020, kafli 5. Útivist í sátt við náttúruna.
Fornleifar	X		Engar friðlýstar minjar en nokkrar skráðar minjar innan skipulagssvæðis.	Lög um menningarminjar 80/2012.
Vatnafar	X			Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999.

Tafla 6-1. Umhverfisviðmið og umhverfispættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt

Tafla 6-2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

7. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirbyggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. málsmeðferðargögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

8. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins varðandi umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulags, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við Helbrigðiseftirlit Austurlands en afla þarf leyfis til tímabundins atvinnurekstrar, t.d. fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samráð verður haft við Umhverfisstofnun sem lögbundin umsagnaraðili vegna matslýsingar og umhverfisskýrslu.

Samráð verður haft við Veðurstofu Íslands en Veðurstofan mun fá deiliskipulagstillögu til umsagnar.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

Tillaga ásamt umhverfisskýrslu verður auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélagið ber að svara.

9. Ferlið

Helstu verkferlar sem varða deiliskipulag flóðavarna eru eftirfarandi:

- Gerð matslýsingar september 2018.
- Samráð um matslýsingu, send til Skipulagsstofnunar auk annarra október 2018.
- Gerð deiliskipulags og umhverfisskýrslu nóvember 2018.
- Auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu desember/janúar 2018/2019.
- Samþykkt bæjarstjórnar janúar/febrúar 2019.
- Auglýsing í B-deild febrúar 2019

10. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027.
2. Landmótun, 2015. Frumathugun Ofanflóðavarnir Neskaupstað.
3. Hagstofan, 2018. Mannfjöldi.
4. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
5. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
6. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
7. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands. Válistar fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi fyrir friðlýstar plöntur.
9. Skipulagslög nr. 123/2010.
10. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
11. Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.
12. Svanborg Helga Haraldsdóttir, 1997. Snjóflóðasaga Neskaupstaðar.
13. Umhverfiráðuneytið, 2002. Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Stefnumörkun til 2020.
14. Veðurstofa Íslands, 2018. Ofanflóð.